AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Hverfjall.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Hverfjall. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Náttúruverndarstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar afa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013:

1. gr.

Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Upplýsa skal um slíka ákvörðun til hlutaðeigandi sveitarfélags, fulltrúa ferðaþjónustu og útivistarfólks.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 2. febrúar 2026.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 17. febrúar 2026